

**Ed.**

**772. Framhalds-nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 35, 20. okt. 1913 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Háttv. neðri deild hefir gert nokkrar orðabreytingar á frumvarpi þessu eins og það fór úr þessari deild, en þar sem þær breyta ekki efni, getur nefndin fallist á þær.

Aftur á móti hefir neðri deild aukið við nýrri grein, þess efnis, að heimilt skuli að reisa loftskeytastöð í Reykjavík, þótt ekki sje fullnægt því skilyrði ritsímalaganna, að hún hafi nægan kraft til sambands við útlönd.

Þessi viðbót kemur ekki háttv. efri deild með öllu á óvart, með því að undir meðferð hennar á málinu var á þetta minst, þótt sú yrði niðurstaðan, að taka ekki þetta ákvæði inn i frumvarpið.

En þar sem nú háttv. neðri deild þykir það ráðlegt og æskilegt, viljum vjer einnig fallast á það, og ráða til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Efri deild Alþingis 4. sept. 1915.

Björn Þorláksson,  
formaður.

Kristinn Danielsson,  
skrifari og framsögum.

Eiríkur Briem.